

Siglingastofnun
Sigurður Sigurðarson
Vesturvör 2
200 Kópavogur

2002030053
1100; 9310

Reykjavík, 17. apríl 2002
/ÞFP

Efni: Sjóvarnir, Kotagrandi, Seltjarnarnesi. Ákvörðun um matsskyldu

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 21. mars 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt sjóvarnir á Kotagrandi, Seltjarnarnesbæ, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Seltjarnarnesbæjar og Náttúruverndar ríkisins. Umsagnir bárust frá Seltjarnarnesbæ með bréfi dags. 11. apríl 2002 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 5. apríl 2002. Svör við umsögnum bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 17. apríl 2002.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Um er að ræða styrkingu sjóvarnar á um 160 m löngum kafla á móts við Bakkatjörn sem er á náttúruminjaskrá eins og fjaran. Áætluð efnisþörf er um 2.400 m³. Sjóvarnir á Seltjarnarnesi hafa verið unnar án þess að verkkaupi útvegi námurétt, en gerðar eru kröfur um gæði grjóts.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Fram kemur í umsögnum Seltjarnarnesbæjar og Náttúruverndar ríkisins að um sé að ræða styrkingu á eldri sjóvörn og framkvæmdin sé ekki þess eðlis að hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða styrkingu sjóvarnar á um 160 m löngum kafla á Kotagrandi móts við Bakkatjörn á Seltjarnarnesi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd er endurbygging á sjóvörn, tekur til takmarkaðs svæðis og mun ekki hafa verulegt rask í för með sér.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð sjóvörn á Kotagrandu á Seltjarnarnesi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdarleyfi Seltjarnarnesbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr 73/1997 m.s.b. Skipulagsstofnun mun beina þeim tilmælum til bæjarstjórnar Seltjarnarness að sjóvarnir verði sýndar í nýju aðalskipulagi sem nú er í vinnslu.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 21. maí 2002.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Seltjarnarnesbær og Náttúruvernd ríkisins.